

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Norðlingaholt – Norðlingabraut 7.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 21. desember 2023, breytingu á deiliskipulagi Norðlingaholts vegna lóðarinnar nr. 7 við Norðlingabraut. Í breytingunni felst að bæta við byggingarreit austanmegin við lóðarmörk, byggingarreitur er fyrir spennu- og rofahús sem mun þjónusta rafhleðslustöðvar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skúlagötusvæði – Endastöð strætó – Skúlagata.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, 25. janúar 2024, tillögu að breytingu á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis fyrir tímabundna skiptistöð Strætó. Í breytingunni felst að byggingarreitir fyrir þjónustu eru felldir út og afmarkað er svæði fyrir skiptistöð Strætó þar sem komið verði fyrir biðstöðvum ásamt strætóskýlum. Auk þess er afmarkaður byggingarreitur fyrir aðstöðuhús starfsmanna Strætó. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Kirkjusandur – Reitur F.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 8. febrúar 2024, breytingu á deiliskipulagi Kirkjusands vegna reits F. Í breytingunni felst að reitnum er skipt upp í tvær lóðir, lóðarstærð er lagfærð til samræmis við skráningu á vef HMS og nýtingarhlutfall hækkar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Suður-Mjódd – Álfabakki 4.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 22. febrúar 2024, breytingu á skilmálum deiliskipulags Suður-Mjóddar vegna lóðarinnar nr. 4 við Álfabakka. Í breytingunni felst að núverandi byggingarreitur á baklóð við suðausturhorn lóðar verði stækkaður til að bæta aðkomu að vörumóttöku og auðvelda affermingu. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 21. mars 2024.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfudagur: 21. mars 2024